



Orkuskipti í samgöngum

**Skýrsla stjórnar**

**Aðalfundur 2018**

Græna orkan

Samstarfsvertvangur um orkuskipti

10. apríl 2018



Nú hefur Græna orkan starfað undir heitinu *Samstarfsvettvangur um orkuskipti* síðan í nóvember 2014. Árið 2017 var annasamt og viðburðaríkt, líkt og hið fyrra.

Í núverandi stjórn Grænu orkunnar sitja fjórir fulltrúar stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjórir fulltrúar atvinnulífsins sem kosnir voru á opnum aðalfundi í maí 2017. Það hefur reynst gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu. Stjórn Grænu orkunnar var í upphafi starfsársins skipuð:

Frá atvinnulífi, Berglind Rán Ólafsdóttir (Landsvirkjun), Águst Hilmarsson (eTactica), Gunnar Páll Stefánsson (Mannviti), Skúli K. Skúlason (Bílgreinasambandinu).

Frá ráðuneytum, Ásta Þorleifsdóttir (Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Benedikt S. Benediktsson (Fjármála- og efnahagsráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), Helga Barðadóttir (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti).

Berglind var jafnframt stjórnarformaður en þurfti frá að hverfa þegar hún skipti um starfsvettvang um mitt ár 2017. Águst Hilmarsson, Gunnar Páll Stefánsson og Skúli K. Skúlason voru kosnir fulltrúar atvinnulífsins á aðalfundi 18. maí 2017, Gunnar Páll til tveggja ára en Águst og Skúli til eins árs. Skúli tók jafnframt við sem stjórnarformaður eftir brothvarf Berglindar.

Gerður var samningur við Íslenska NýOrku um verkefnastjórn og hafa Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni.

Um 75 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar. Nú þegar hafa 54 aðilar gerst formlegir félagar samstarfsvertdansins en rekstur vettvangsins er fjármagnaður með félagskjöldum. Fjölmargir þeirra taka virkan þátt í viðburðum á vegum félagsins.

Mikil vinna var unnin á árinu 2017 varðandi framtíðarskattlagningu á bílum og eldsneyti. Fjöldi funda var haldinn milli fulltrúa Grænu orkunnar og fulltrúa í vinnuhópnum og lögðu fulltrúar Grænu orkunnar áherslu á að tillögum sem fram komu í aðgerðaáætlun um orkuskipti yrðu notaðar. Afraksturs skattahópsins er að vænta á vordögum 2018.

Græna orkan tók þátt í opnum kynningarfundum á Akureyri, Ísafirði, Reyðarfirði, Selfossi og Hellu þar sem orkuskipti og rafbílavæðing voru rædd. Fundirnir voru haldnir til að mæta auknum áhuga almennings á vistvænum bílum og hleðslumöguleikum, ekki síst eftir ferð Orkusölunnar um landið, þar sem fyrirtækið afhenti hverju sveitarfélagi rafhleðslustaur.

Þá var Græna orkan vettvangur til samræðna fyrir styrkþega Orkusjóðs fyrir uppbyggingu innviða fyrir rafbíla. Þar deildu gestir hugmyndum sínum um uppsetningu mismunandi hleðslumöguleika og mikilvægi þess að þéttu net hleðslustöðva af ýmsu tagi á vinnusóknarsvæðum og hringinn í kringum um landið til að liðka fyrir frekari orkuskiptum í samgöngum á landi.

Efnt var til vinnustofu sem bar heitið *Innviðir fyrir rafbíla á Íslandi – hvað er í boði?* þar sem ýmsir aðilar kynntu tæknilausrín sínar fyrir rafhleðslu og svöruðu spurningum áhugasamra um framtíð rafbílavæðingar á Íslandi.

Loks var haldin vinnustofa undir yfirskriftinni *Vistvænar samgöngur - innviðir og orkugjafar* þar sem kynntir voru kostir og möguleikar mismunandi orkugjafa: vetrnis, metans, metanól, rafmagns auk þess sem fulltrúar hafnaryfirvalda og flugsamgangna reifuðu framtíðarsýn sína samhliða aukinnar notkunar vistvænnar orkugjafa í samgöngum í lofti, á láði og í legi.

Spennandi starfsár er framundan og má t.d. nefna ráðstefnuna *Making Marine Applications Greener* sem Graena orkan mun í annað skiptið standa fyrir, 10.-11. október. Þar verður fjallað um hin ýmsu verkefni er tengjast vistvænni orku í haftengdri starfsemi hér á landi, á Norðurlöndum og víðar.

Ljóst er að starf Grænu orkunnar hefur haft áhrif á innleiðingu vistvænna bíla og uppbyggingu innviða á Íslandi. Aðgerðaáætlun um orkuskipti, sú er Alþingi hefur samþykkt hefur haft stefnumótandi áhrif og gert það að verkum að ívilnanir eru heldur að aukast en minnka sem er forsenda þess að Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum. Ekki aðeins hefur sú vinna haft áhrif á stefnu heldur einnig á beinar aðgerðir og kom t.d. Græna orkan að málum er Orkusjóður úthlutaði 201 milljón til uppbyggingar rafinnviða á Íslandi síðastliðin 3 ár. Þetta eru aðeins dæmi – en fingraför Grænu orkunnar eru víða í verkefnum sem unnin eru og markmiðið er að svo verði áfram. Það er því mikilvægt starf unnið í samstarfsvettvangnum og ljóst að mikill árangur hefur náðst. Talsvert verk er þó enn óunnið – enda aðeins um 7% af orkunotkun í samgöngum frá vistvænni orku. Verkefnið er að margfalda það á næstu árum.

Fyrir hönd stjórnar,

**Skúli K. Skúlason** *innihólmus hóssáðar þóru þá með um þá heildarmáli kvenna*

## Formaður

## Ársreikningur Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2017

	kr.
Aðildargjöld	1.480.000
Aðildargjöld	<u>1.438</u>
Fjármagnstekjur	<b>1.481.438</b>
<b>Heildartekjur</b>	

<b>Kostnaður</b>	
Kostnaður vegna funda og ráðstefna	17.862
þjónustusamningur um rekstur	<u>1.364.000</u>
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>1.381.862</b>

<b>Eignir í árslok 2016</b>	
Rekstrarafgangur 2017	99.576
Bankainnistæða 2016	<u>221.346</u>
<b>Bankainnistæður 31.12.17</b>	<b>320.922</b>

Reykjavík 03. apríl 2018,

Jón Björn Skúlason, Verkefnisstjóri

Skoðað af kjörnum endurskoðenda Samstarfsvettvangs um orkuskipti,

Agústa Loftsdóttir